

**Fyrirhuguð notkun:** **Hydrozid**<sup>®</sup> er notað sem kuldameðferð fyrir vörtur og aðrar húðskemmdir.

**Innihald:** 200 ml HFC-134a (norflúran). Sniðmát. Notkunarleiðbeiningar.

**Notkunarleiðbeiningar:** Hydrozid<sup>®</sup> er úða á húðskemmdina beint úr brúsanum. Hydrozid<sup>®</sup> skal úða úr 2 til 3 cm fjarlægð og í 2 til 6 sekúndur, allt eftir staðsetningu húðskemmdarinnar. Notið Hydrozid á sama hátt og sýnt er á myndum A, B og C. Á mynd A er údatúðan lokuð. Á mynd B er údatúðan opin og tilbúin til notkunar (mynd C). Mælt er með nokkrum endurteknum lotum af frystingu-þiðnun, allt að 6 með 30 sekúndna millibili, í einni meðferð. Halda þarf meðferðartíma húðskemmdarinnar innan ráðlagðs hámarkstíma (sjá spjaldið hér að neðan). Til að forðast skemmdir á nærliggjandi vefjum má nota eitt af meðfylgjandi sniðmátum. Veljið það gat í sniðmátinu sem passar fyrir stærð húðskemmdarinnar. Í sumum tilvikum getur þurft ítrekaðar meðferðir til að fjarlægja húðskemmdina. Þegar þörf er á endurtekinni meðferð er mælt með því að láta 1 til 2 vikur líða á milli meðferða. Kuldameðferð getur valdið sviða- eða brunatilfinningu í húðinni. Drep í húðþekjufrumum getur valdið blöðrumyndun. Fullur bati næst eftir u.þ.b. 10 til 14 daga. Of mikil notkun getur valdið vanlitun, örmyndun eða oflitun eftir bólgu.

**Frábendingar:** Kuldameðferð má ekki nota hjá sjúklingum með kuldaglóbúlíndreyra, Raynauds-sjúkdóm, ofsakláða af völdum kulda, blóðsjúkdóma eða óvissa sjúkdómsgreiningu.

**Varúð:** Aldrei má úða á slímhúð, opin sár, skurði, viðkvæma húð eða exemhúð. Gæta skal varúðar með tilliti til tímalengdar meðferðar hjá börnum og fólki með viðkvæma og aldraða húð. Úðið ekki á heilbrigða húð. Röng notkun getur leitt til

óæskilegra skemmda á húð og undirliggjandi vefjum, þar á meðal taugum. Forðist innöndun. Varist snertingu við augu. Geymist þar sem börn ná ekki til. Ef leita þarf lækni skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.

**Áriðandi:** Eingöngu heilbrigðisstarfsmenn mega nota Hydrozid®. Meðfylgjandi sniðmát má aðeins nota með Hydrozid®. Vegna sýkingarhættu á aðeins að nota hvert sniðmát á eina húðskemmd. Hydrozid® er ekki eldfimt og má farga með venjulegu heimilissorpi.

Panta má **Hydrozid®** á [www.hydrozid.com](http://www.hydrozid.com)

Ráðlagður hámarksmeðferðartími fyrir  
ýmsar gerðir húðskemmda:

Húðskemmd	Hámarksmeðferðartími í sekúndum
Ilvarta (verruca plantaris)	36 (6×6 sek.)
Smitvarta (verruca vulgaris)	36 (6×6 sek.)
Flatvarta (verruca plana)	18 (6×3 sek.)
Ellivarta (keratosis seborrhoica)	36 (6×6 sek.)
Linsufrekna (lentigo) (í andliti)	12 (6×2 sek.)
Linsufrekna (ekki í andliti)	36 (6×6 sek.)
Húðsepi (acrochordon)	36 (6×6 sek.)
Geislunarhyrning (keratosis actinica) (í andliti)	12 (6×2 sek.)
Geislunarhyrning (ekki í andliti)	36 (6×6 sek.)
Frauðvarta (molluscum contagiosum)	18 (6×3 sek.)
Hnúðvarta (condyloma)	36 (6×6 sek.)
Tannholds melanin litabreyting	36 (6×6 sek.)
Blæðing frá leghálsi eftir líkamleg áhrif	36 (6×6 sek.)

